

Ár 2014, mánudaginn 13. janúar kom stjórn SSNV saman til fundar að Gauksmýri í Húnaþingi vestra, kl. 10:00.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson og Hanna Þrúður Þórðardóttir. Sigríður Magnúsdóttir formaður stjórnar Náttúrustofu sat fundinn undir lið nr. 1, Ólafur Sveinsson forstöðumaður atvinnuráðgjafar SSV sat fundinn undir lið nr. 3 og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi SSNV sat fundinn undir lið nr. 4. Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð. Katrín María vék af fundi við afgreiðslu liðar nr. 5 c).

Dagskrá:

1. Náttúrustofa Norðurlands vestra.
2. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra.
3. Almenningsamgöngur.
4. Menningarmál.
5. Önnur mál.

Afgreiðslur:

- 1) Náttúrustofa Norðurlands vestra.

Á fundinn kom Sigríður Magnúsdóttir formaður stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra. Stjórn Náttúrustofu vinnur að endurskoðun rekstrarins og vill kanna hvort vilji er til þess að SSNV og/eða sveitarfélög á Norðurlandi vestra komi að rekstrinum í framtíðinni. Framlag til stofunnar er 15,1 milljón árlega frá ríki gegn 30 % mótframlagi aðildarsveitarfélaga. Ákveðið að kanna nánar áhuga á svæðinu fyrir þátttöku og mögulegum samlegðaráhrifum með annarri starfsemi.

2. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra. Ágúst Þór Bragason og Þóra Sverrisdóttir munu ásamt framkvæmdastjóra freista þess að ljúka gerð samkomulags við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið á þeim nótum sem unnið hefur verið að. Fyrir liggja drög að samkomulagi sem eftir er að ljúka við.

3. Almenningsamgöngur.

Ólafur Sveinsson forstöðumaður atvinnuþróunar SSV, kom til fundar, en hann hefur meginumsjón með framkvæmd aksturssamnings á leið 57, 58, 59 og tengdum leiðum, sem SSNV, SSV, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Eyþing standa að. Ólafur fór yfir rekstur, lagði fram upplýsingar um rekstrarafkomu verkefnisins 2012 og kynnti bráðabirgðatölur um rekstur ársins 2013. Ríkið hefur ekki staðið við gerðan samning varðandi endurgreiðslur olúgjalds og er því rekstrarafkoma mun lakari en annars hefði verið. Jafnframt hefur einkaleyfi ekki haldið sem gefið var út og það hefur jafnframt dregið úr tekjumöguleikum. Áfram verður unnið að því að frá fram leiðréttingar í þeim efnunum.

4. Menningarmál.

Menningarfulltrúi, Ingibergur Guðmundsson mætti til fundar og fór yfir framvindu á fundi sem haldinn var í mennta- og menningarmálaráðuneyti með forsvarsfólki landshlutasamtaka sveitarfélaga og menningarsamninga, 13. desember 2013. Fyrir liggur

rammi til grundvallar endurnýjun samningsins, m.a. mælikvarðar, vægi þeirra og reglur varðandi skiptingu fjárframlaga. Gengið var frá orðalagi í bréfi, til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þar sem stjórn SSNV áréttar áherslur varðandi endurnýjun menningarsamnings og bókar eftirfarandi:

„Stjórn SSNV lýsir sig reiðubúna að ganga til samninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um gerð nýs menningarsamnings á grundvelli þeirra gagna er lögð voru fram 13. desember sl.“

5. Önnur mál:

a) Markaðsskrifstofa Norðurlands. Endurnýjun samnings, framhald frá síðasta fundi stjórnar. Fyrir liggur bréf frá Markaðsskrifstofu Norðurlands, dagsett 10. desember 2013, undirritað af Arnheiði Jóhannsdóttir framkvæmdastjóra. Í bréfinu er óskað eftir endurnýjun á samstarfssamningi út árið 2014. Ákveðið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Ferðamálafélaga og Ferðamálasamtaka Norðurlands vestra, Ferðamálafélags Vestur Húnavatnssýslu, Ferðamálafélags Austur Húnavatnssýslu í því skyni að ræða samstarf og þjónustu á vettvangi ferðaþjónustu í landshlutanum.

b) Stofnfundur nýs byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks verður haldinn 29. janúar nk. Ágúst Þór Bragason, sem einnig starfar sem formaður undirbúningsstjórnar greindi frá ákvörðun undirbúningsstjórnar um að óska eftir því að SSNV sæi um daglega fjármálaþjónustu við byggðasamlagið. KPMG mun eftir sem áður sjá um gerð ársreikninga og endurskoðun fyrir málaflökkinn. Stjórn SSNV heimilar framkvæmdastjóra að ganga til gerðar þjónustusamnings til eins árs. Samningurinn kemur aftur til stjórnar SSNV til afgreiðslu.

c) Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fyrirspurn sem barst í tölvupósti frá Oddnýju Maríu Gunnarsdóttur dags. 10. janúar 2014. Framkvæmdastjóri vék af fundi. Stjórn ákveður að fela KPMG að skoða málið og taka saman upplýsingar vegna þess.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:20.